



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Reykjavík, 14. október 2014

**Umsögn Stúdentaráðs um tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu. Þskj. #14.**

Allt frá stofnun Háskóla Íslands hefur vinnu, tíma og fjármunum verið varið í uppbyggingu grunnstoða hans, niðurskurður undanfarinna ára stofnar þeim grunnstoðum í hættu. Í gegnum tíðina hefur sátt ríkt um að marka metnaðarfulla menntastefnu en undanfarin ár hefur fátta verið um efndir stjórnvalda. Ef áfram verður haldið á sömu braut er ljóst að smám saman heltist háskólinn úr lestinni í samkeppni háskóla á heimsvísu.

Stúdentaráð fagnar því að forgangsraða eigi í þágu menntunar. Aðgengi að menntun á Íslandi er gott enda hefur myndast pólitísk samstaða um að háskólamenntun skuli bjóðast öllum óháð félagslegri og efnahagslegri stöðu. Hins vegar hefur sama pólitíska samstaða ekki myndast um fjármögnun Háskólakerfisins, það sést hvað best á samanburðartölum milli Íslands og annarra ríkja OECD, en Ísland hefur aðeins 62% af meðalfjármagni háskólakerfa í OECD, það samsvarar um 6 milljarða króna muni.

Skortur á fjármagni hefur áþreifanlegar afleiðingar fyrir nám og kennslu í Háskóla Íslands. Fjöldi nemenda á hvern kennara er víða notaður sem gæðastaðall á kennslu. Fleiri nemendur á hvern kennara þýðir minni leiðsögn á hvern nemanda. Í samanburði á háskólum Norðurlandanna má sjá að Háskóli Íslands stendur mun verr en aðrir skólar hvað varðar fjölda nemenda á hvern kennara. Þeir nemendur sem þurfa á mestri leiðsögn að halda eiga á hættu að flosna upp úr námi þegar tími kennara dreifist á of mikinn fjölda nemenda. Háa brottfallstíðni má að líkindum rekja til of mikils fjölda nemenda á hvern kennara.

Nemendur Háskóla Íslands á heilbrigðisvísindasviði stunda að hluta til nám sitt á Landspítalanum. Gæði klíníks náms eru háð fjárhagsstöðu Landspítalans og upplifa nemendur þá stöðu á margvíslegan hátt. Nýlega gerði Stúdentaráð könnun á gæðum verknáms á Landspítalanum og framtíðarsýn nemenda á heilbrigðisvísindasviði. Könnun var lögð fyrir verknámsnemendur.



## Stúdentaráð Háskóla Íslands

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar upplifa 52% nemenda tímaskort klínískra kennara til kennslu. Telja má að mikið vinnuálag og mannekla á Landspítalanum hafi áhrif á upplifun nemenda. Einnig kom fram í niðurstöðunum að einungis 15% nemenda þykja aðstaða nemenda á Landspítalanum við hæfi. Nemendur móta sína framtíðarsýn þegar þeir eru í námi og hefur sú framtíðarsýn mikil áhrif á framtíð heilbrigðiskerfisins. Það er því mikið áhyggjuefni að aðeins 17% nemenda sjá Landspítalann fyrir sér sem sinn framtíðarvinnustað samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Háskóli Íslands í samstarfi við Landspítalann er grunnstoð heilbrigðisþjónustu samfélagsins og svo að efla megi hana til langtíma þarf tvímælalaust á auknum fjárveitingum að halda til mennta- og heilbrigðiskerfisins.

Ennfremur þarf að standa vörð um aðgengi að námi en í fjárlögum þessa árs er í fyrsta skipti markvisst stefnt að því að fækka nemendum á háskólastigi.

### *Úr fjárlagafrumvarpi 2015*

“Þetta er fækkun um 499 ársnemendur eða sem nemur 3,7% og er í samræmi við áform ráðuneytisins um að leggja áherslu á að viðhalda gæðum náms og þjónustu skólanna við nemendur.”

Stúdentaráð leggur mikla áherslu á að festa sé í fjárveitingum til Háskóla Íslands. Í ár var reikniregla, sem notuð er til að áætla fjölda nemenda við Háskóla Íslands á komandi ári, aftengd einhliða og fyrirvaralaust. Það er í fullkomnu ósamræmi við áætlanir Háskólans, sem allar eru miðaðar út frá umræddri reiknireglu og ganga út frá greiðslum með um 500 fleiri ársnemendum. Stúdentaráð fordæmir slík vinnubrögð og hvetur stjórnámálamenn hvar sem þeir standa á hinu pólitíska litrófi að forðast þess lags vinnubrögð.

Ennfremur má vera ljóst að staða LÍN, bæði í innlendum og erlendum samanburði er slæm. Upphæðir allra framfærslustyrkja og bóta eru ívið hærri en námslán. Grunnframfærsla námslána er 149.463 krónur en atvinnuleysisbætur 178.823, það er munur upp á 29.360 krónur á mánuði.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Samanburður við sambærileg kerfi á Norðurlöndum skilar heldur ekki betri mynd. Í Danmörku, Svíþjóð og Noregi má finna svokölluð styrkjakerfi þar sem stúdentar eru styrktir til náms, annaðhvort með niðurfellingum námslánaskulda ellegar beinum styrkjum líkt og í Danmörku. Til að mynda er SU, Danska styrkja- og lánasjóðskerfið u.þ.b. 0,8% af þjóðarframleiðslu Danmerkur en LÍN aðeins um 0,5% af þjóðarframleiðslu Íslendinga. Þetta svarar til um 5,4 milljarða króna mun ef hlutfallið ætti að vera hið sama á Íslandi.

Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands, lýsti því yfir nýverið að hún hefði allt eins búist við því að skólinn dytti út af lista Times Higher Education yfir 300 bestu háskóla í heimi. Það er sökum þess að í fjársvelli undanfarinna ára hefur skólinn þurft að heyja mikla varnarbaráttu til að halda sér á listanum. Almennt má segja að afleiðingar fjársveltis háskóla, skv. rannsókn Cameron, Kim., og Smart, J. (1998), séu meiri áhersla á skammtímahugsun, minni nýsköpun, aukin íhaldssemi, verri starfsandi, harðari barátta innan skóla, auknar líkur á trúnaðarbresti, heft upplýsingaflæði og minni samvinna. Háskóli Íslands stendur enn styrkum fótum en ómögulegt er að segja að engin einkenni fjársveltis séu fram komin.

Mikilvægt er að allir stjórn mála flokkar standi saman um að tryggja samkeppnishæfni Íslands til langframa í gegnum fjárfestingu í mannauði. Við það eykst stöðugleiki í rekstrarumhverfi háskólastigsins. Stúdentaráð telur einkar jákvætt að fulltrúar allra stjórn mála flokka taki þátt í vinnu við áætlanagerð um eflingu háskólakerfisins.

Vinnu alls þess fólks sem hefur starfað ótullega að því að koma Háskóla Íslands á lista yfir 300 bestu háskóla í heimi er nú stefnt í hættu með sífelldum niðurskurði. Þeirri niðurrifsstarfsemi sem viðgengist hefur á Háskóla Íslands undanfarin ár verður að linna, það er komin tími á uppbyggingu að nýju. Stúdentaráð fagnar heilshugar öllum tillögum er lúta að forgangsröðun í þágu menntunnar.

Ísak Einar Rúnarsson  
Formaður Stúdentaráðs